**Hagfræðideild HÍ – Málstofa í efnahagsmálum**
Föstudaginn 31. október, kl. 12:00-13:30
Háskólatorg HT 102

# Fjármálakreppan í útlöndum: orsakir, staða mála og líkleg framtíðarþróun

**Jón Daníelsson**, London School of Economics



Sú fjármálakreppa sem nú geisar í heiminum er sú versta síðan heimskreppan mikla skall á árið 1929. Á undanförnum árum hefur fjármálaheimurinn orðið sífellt flóknari og ógagnsærri og þetta hefur átt sinn þátt í því að búa til mestu eignaverðbólu sögunnar sem nú er að springa. Hingað til hafa hremmingarnar átt sér stað innan fjármálageirans sjálfs en upp á síðkastið hefur hagvöxtur og atvinnustig einnig orðið fyrir áhrifum. Sem betur fer er bæði vilji og þekking fyrir hendi til þess að endurtaka ekki þau mistök sem gerð voru í heimskreppunni miklu. Ísland varð illa fyrir barðinu á þessari heimskreppu, meðal annars vegna þess að stjórnvöld tóku ekki þær ákvarðanir sem teknar voru erlendis.

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

**HAGFRÆÐIDEILD**
**HÁSKÓLA ÍSLANDS**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

www.hag.hi.is